

Verkefni: Stjórnarfundur Gíggunnar
Dagsetning fundar: 30. ágúst 2007
Tímasetning fundar: 17:30 – 19:30
Fundarstaður: Kaffihúsið Amokka, Reykjavík

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Sigrún Óskarsdóttir (SÓ)	Formaður	Mætt
Dagbjört Sigurbergisdóttir (DS)	Varaformaður	Mætt
Heiða Gunnarsdóttir (HG)	Ritari	Mætt
P. Linda Guðjónsdóttir (PLG)	Gjaldkeri	Mætt
Puríður Pétursdóttir (PP)	Meðstjórnandi	Fjarverandi
Margrét Bóasdóttir	Verndari	Fjarverandi

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. Samskipti við aðildarkóra**

Ákveðið var að hafa samband við alla aðildarkóra Gíggunnar í septembermánuði til þess að taka stöðuna hjá þeim og afla fréttar af kórstarfinu í upphafi starfsárs. Búinn var til tékklisti sem verður notaður við samskiptin þannig að samræmdum upplýsingum sé safnað frá öllum kórum sambandsins. Málið er í vinnslu.

2. Upplýsingar um landsmótið inn á vefsetrið

Eitt af verkefnum stjórnar þessa starfsárs er að safna upplýsingum um þau landsmót sem búið er að halda með það að markmiði að koma gögnum um mótið inn á vefsetrið. Búinn var til tékklisti yfir þau atriði sem ákveðið var að safna. Tengiliðir munu hafa samband við þá kóra sem sáu um landsmótið og óska eftir samstarfi við þá um að senda gögn í tölvupósti eða lána gögn sem aftur verður skilað. Málið er í vinnslu.

3. Söfnun á landsmótslögum

SÓ greindi frá því að söfnun á landsmótslögum gangi mjög vel. Um er að ræða eftirfarandi lög, Aðeins eitt blóm, Vinamót og Vorgleði. Málið er áfram í vinnslu hjá nótunefnd Gíggunnar.

Staðsetning landsmóts	Ár	Heiti lags	Höfundur
Borgarfjörður	1997	Aðeins eitt blóm	Hildigunnur Rúnarsdóttir
Keflavík	2002	Vinamót	Sigurður Sævarsson
Hafnafjörður	2005	Vorgleði	Tryggvi M. Baldvinsson

4. Umsókn Gíggunnar til SFH hefur ekki enn verið afgreidd

SÓ greindi frá stöðu mála varðandi umsókn Gíggunnar um aðild að SFH, Sambandi flytjenda og hljómplötuframleiðenda en umsókn Gíggunnar hefur ekki ennþá formlega verið afgreidd á fundi.

Upplýsingar teknar af vefsetri SFH:

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda eru innheimtusamtök tónlistarflytjenda og hljómplötuframleiðenda stofnuð með heimild í 47. grein höfundalaga nr. 73/1972. Tilgangur sambandsins er að gæta réttar flytjenda og hljómplötuframleiðenda til þóknunar fyrir afnot af markaðshljóðrita eins og fram kemur í samþykktum SFH nr. 228/173 og birt var í B-deild Stjórnartíðinda. Heimild: <http://sfh.is/>

Staða mála er þannig að taka átti umsókn Gíggunnar fyrir á aðalfundi sem vera átti í vor 2007. Þeim aðalfundi var frestað þar til í haust. SÓ hafði samband við MB sem hefur verið stjórn Gíggunnar til ráðgjafar varðandi þetta mál. MB mun áfram halda málinu vakandi innan SHF.

5. Framhaldsaðalfundur Gígjunnar 20. október 2007

Á síðasta aðalfundi Gígjunnar 10. mars 2007 var samþykkt að halda framhaldsaðalfund að hausti 2007 til þess m.a. að koma reikningsári Gígjunnar í takt við starfsár aðildarkóranna og gera breytingar á lögum Gígjunnar. Skipulag fundarins var rætt og fundarmenn skiptu með sér verkum varðandi undirbúning fyrir fundinn sem haldinn verður laugardaginn 20. október í Söngskólanum Domus Vox, Laugarvegi 116, Reykjavík, kl. 16-18. Ákveðið var að hafa samband við Kvennakór Hornafjarðar og óska eftir því að hann verði með kynningu á landsmótinu. Ákveðið var einnig að hafa samband við Kvennakór Hafnarfjarðar til þess að biðja hann um að segja frá síðasta landsmóti. Gera þarf tillögur að lagabreytingum og ganga frá uppgjöri og fundarboði sem senda þarf til aðildarkóranna með minnst mánaðar fyrirvara samkvæmt lögum Gígjunnar. Málið er í vinnslu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 19:30.

Ritari fundargerðar: Heiða Gunnarsdóttir.